

Samningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), kt. 650309-0220, Landspítala (LSH), og Háskóla Íslands (HÍ) um tannlækningar fyrir sjúkratryggða einstaklinga samkvæmt 20. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 451/2013.

Forsenda samnings þessa er að klíník (verkstofa) tannlæknadeildar HÍ er ein göngudeilda LSH, sbr. gr. 7.3 í Samstarfssamningi Háskóla Íslands og Landspítala frá 3. desember 2012.

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi gildir um nauðsynlegar tannlækningar til þess að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar sýkinga í tönnum og tannvegi á heilsu eftirfarandi sjúklinga:

- a) ónæmisbældra sjúklinga, svo sem sjúklinga með hvítblæði eða krabbamein á höfuð- eða háalssvæði
- b) væntanlegra líffæraþega
- c) sjúklinga sem þurfa mergskipti
- d) sjúklinga með aðra sambærilega sjúkdóma.

2. gr.

Þjónusta

Þjónusta sú sem samningur þessi nær til skal unnin af tannlæknum sem kenna við Tannlæknadeild eða öðrum þeim sem deildin vísar til að höfðu samráði við SÍ.

Þjónustan skal að jafnaði veitt á THÍ. Verði því ekki við komið að veita þjónustuna á THÍ er heimilt að hún fari fram á einkastofum tannlækna, sbr. 1 mgr. THÍ tilkynnir lækni sjúklings ef nauðsynlegt reynist að vísa honum annað.

3. gr.

Endurgjald

Endurgjald skv. samningi þessum fer skv. gjaldskrá rammasamnings milli Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um tannlækningar barna dags. 13. maí 2013. Fyrir vinnu sérfræðinga greiðist 20% álag á gjaldskrána. Endurgjald er hið sama þegar verkið er unnið á einkastofu, sbr. 2. mgr. 2. gr. Endurgjaldið er háð því að þjónusta samkvæmt samningi þessum, sbr. 1. gr., sé hinum sjúkratryggða að kostnaðarlausu. Sé um innlagða sjúklinga að ræða er þjónustan greidd af LSH.

Skilyrði fyrir greiðslu SÍ er að stofnunin hafi áður samþykkt umsókn hins sjúkratryggða um kostnaðarþátttöku. Í bráðatilvikum er þó heimilt að hefja nauðsynlega meðferð án samþykkis SÍ, enda liggja fyrir skrifleg beiðni LSH til THÍ með vísun til 1. gr.

4. gr.

Skyldur HÍ og LSH

THÍ ábyrgist að þjónusta skv. samningi þessum uppfylli allar opinberar kröfur um heilbrigðisþjónustu, rekstur og eftirlit. Tannlæknir skal stunda góða viðurkennda tannlæknisfræði.

THÍ ber húsbóndaábyrgð á tannlæknum og öðrum starfsmönnum sínum og ábyrgist faglega hæfni þeirra, þagnarskyldu og þjónustulipurð.

THÍ skal tryggja að aðferðir og endingartími efna sé í samræmi við viðurkennda staðla.

THÍ skal sérstaklega gæta ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Öll fagleg samskipti við sjúkratryggða sjúklinga og forráðamenn þeirra skulu skráð í sjúkraskrá í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Varðveisla og meðhöndlun sjúkraskrárupplýsinga skal samrýmast reglum Persónuverndar.

THÍ skal gæta ýrtruðu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna við vísun á rannsóknir og lyf og aðra meðferð með hliðsjón af góðri viðurkenndri læknisfræði.

Landspítali ber kostnað af blóð, ræktunar eða vefjarannsóknnum sem læknar spítalans ávísa og nauðsynlegar eru í tengslum við heimsókn sjúklingsins til THÍ.

Tannlæknar skulu skrá framvindu meðferðar í sjúkraskrárkerfi Sögu.Tannlæknar, eða eftir atvikum læknar SÍ, skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskrá er varða þjónustu við hina sjúkratryggðu í samræmi við 4. mgr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

THÍ ábyrgist að sjúklingur og/eða forráðamaður sé upplýstur um tannheilsu og raunhæfa meðferðarkosti.

5. gr.

Reikningar

Reikningar THÍ til SÍ skulu vera á stöðluðu formi, merktir THÍ. Á þeim skal m.a. koma fram nafn og kennitala sjúklings, dagsetning aðgerðar, nafn tannlæknis og aðgerða- eða gjaldliðir. Sjúkratryggður skal staðfesta reikning með undirskrift sinni.

Reikningar fyrir tannlæknisstörf hvers mánaðar skulu að jafnaði berast SÍ fyrir 15. næsta mánaðar og greiddast fyrir lok þess mánaðar.

SÍ geta hvenær sem er óskað skriflegra skýringa á reikningi og ber THÍ að gefa þær. Á meðan ekki hefur fengist fullnægjandi skýring er heimilt aðgreiða reikning með fyrirvara eða hafna greiðslu.

6. gr.

Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi sammingsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna og bréfaskiptum. THÍ er skylt að veita tannlæknum eða eftir atvikum læknum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna lögboðins eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Handwritten initials and signature:

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

7. gr.

Kvartanir

SÍ eða THÍ geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu. Leiði óhappatilvik eða mistök í meðferð sjúklings til málaferla mun farið með þau mál eins og venja er hjá stofnunum í eigu ríkisins.

8. gr.

Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að THÍ uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir mögulegt fjártjón. Með sama hætti skal THÍ heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

9. gr.

Dómsmál

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum er unnt að leggja það fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

10. gr.


Gildistími

Samningur þessi byggir á tilraunasamningi frá 25. febrúar 2013 og gildir frá og með 1. janúar 2014 og er uppsegjanlegur af öllum aðilum með þriggja mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót.


Reykjavík, 4. febrúar 2014

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

F.h. HÍ/HVS/THÍ



Guðlaugur Þjórsdóttir
Fylgjandi sporskemur



F.h. Landspítala